

Fundargerð stjórnar Rauða krossins á Íslandi

Fundurinn er númer 12 hjá núverandi stjórn og númer 1074 frá upphafi

Mætt á fjarfund: Silja Bára R. Ómarsdóttir formaður, Sigríður Stefánsdóttir, Ívar Kristinsson, Símon Friðrik Símonarson, Gréta María Grétarsdóttir, Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir, Baldur Steinn Helgason, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Elín Ósk Helgadóttir, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar, Unnsteinn Ingason, Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri og Kristjana Fenger sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestir: Stefán Yngvason, formaður undirbúningsnefndar verkefnasjóðs

Boðuð forföll: Sveinn Þorsteinsson

Silja setti fundinn kl 12:10

1. Fundargerð stjórnarfundar 25. ágúst 2023.

Engar athugasemdir. Skoðast samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdaráðsfundar 18. september 2023

Engar athugasemdir.

3. Úthlutanir úr verkefnasjóði

Stefán Yngvason, formaður undirbúningsnefndar verkefnasjóðs fór yfir þær umsóknir sem bárust sjóðnum, en minnisblað um þær umsóknir og rökstuðningur fyrir niðurstöðunni er aðgengilegt á stjórnargátt.

Umræður um að mikilvægt sé að fylgjast vel með þróuninni og spyrja gagnrýnna spurninga um hvers vegna ekki fleiri deildir sækja í sjóðinn.

Tillögur undirbúningsnefndar verkefnasjóðs samþykktar einróma af stjórn.

Stefán vék af fundi eftir þennan lið kl. 12:35.

Bókun: Stjórn óskar eftir minnisblaði frá Landsskrifstofu um hvernig sjóðurinn stendur, fjölda umsókna eftir árum og hvaða áhrif breytingar á sjóðnum hafa haft.

4. Formannafundur – skipulag og undirbúningur

a. Framtíðarnefndin og niðurstöður hennar verður megináhersla fundarins, auk annarra hugmynda, s.s. kynningaráætlun fyrir afmælisárið og átak í skyndihjálpi og neyðarvörnum á landsvísi.

b. Formaður sendir út boð með grófri dagskrá, upplýsingum um skipulag og gefur formönnum tækifæri á að koma hugmyndum á framfæri varðandi efni fundarins.

5. Tímasetning fyrir kynningu framtíðarnefndar fyrir stjórn

Fjarfundur var ákveðinn miðvikudaginn 18. október nk. kl. 17:00.

6. Málefni þjónustusvipts flóttafólks

Kristín upplýsti stjórn um beiðni um samtal frá félags- og vinnumarkaðsráðherra þess efnis að Rauði krossinn tæki að sér verkefni gagnvart flóttafólki sem hefur verið svipt þjónustu eftir lokaniðurstöðu stjórnvalda. Málefni heimilisláusra falla undir málefnasvið ráðuneytisins, t.a.m. í neyðartilvikum. Óskaði ráðherra eftir samtali við félagið, m.t.t. neyðarviðbragðs félagsins og stoðhlutverks. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði að fullu greiddur úr ríkissjóði.

Umræður um málið innan stjórnar.

7. IFRC og heiti (e. *pledge*) RKÍ og stjórnvalda á ríkjaráðstefnunni 2024

Rauði krossinn og stjórnvöld ræða saman um sameiginleg heit. Umræður um skipulag og tilhögun innan landsskrifstofu og þátttöku stjórnar.

8. Deildamálefni

Kristín fór yfir málefni deilda

- a. Bréf barst frá Múlasýsludeild varðandi reglur um fataflokkun, hvað varðar fjárhagsstöðu og fjáröflun í deildinni. Verður tekið fyrir á næsta fundi.

9. Íslandsspil

Breytingar í farvatninu með nýjum ráðherra. Áhugi hjá ráðuneytinu að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um happadrætti á vörpingi.

10. Stjórnarseta í stjórn IFRC

Kristjana fór yfir undirbúning fyrir stjórnarfundinn sem haldinn verður í Genf fyrstu vikuna í október.

11. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a. Neyðarsöfnun fyrir Marokkó og Líbú hefur gengið vel.
- b. Hjálpin, sem hefur verið gefin út í gegnum árin, verður ekki gefin út í ár.
- c. Jólamiðhaeftin koma út með Múmínþema.
- d. Fækkun í fjöldahjálparstöðinni í Borgartúni. Færri að koma til landsins en möguleg fjölgun aftur þegar flugfargjöld fara lækkandi eftir sumarið. Náið samtal við samstarfsaðila okkar, Vinnumálastofnun.
- e. Neyðarvarnar- og heilbrigðisteymin okkar hafa verið að kynna skyndihjálp um landið. Höfum nú tekið að okkur þjálfun sundlaugavarða.
- f. Breytingar í farvatninu í fataverkefninu.
- g. Kristín og Silja voru á fundi SENS, smárra landsfélaga í Evrópu, í Liechtenstein.
- h. Verið að auglýsa eftir nýjum mannaússtjóra sem og deildarstjóra í Höfuðborgardeild.

12. Önnur mál

Stjórn hvött til að passa að fara reglulega á skyndihjálparnámskeið og viðhalda þekkingunni.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið 14:10 /kf